

Ársskýrsla 2021-2022



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



Efnisyfirlit

1. Stjórnun og rekstur	4
2. Starfsemi.....	7
3. Fræðslu- og barnastarf	9
4. Markaðs- og kynningarmál.....	10
5. Mannauðsmál	13
Fastráðnir hljóðfæraleikarar starfsárið	14
Starfsfólk við stjórnun og þjónustu	16
Lausráðnir starfsmenn	17
6. Listamenn sem komu fram með hljómsveitinni	18
7. Tónleikar starfsárið	20
8. Hljóðritanir.....	29
9. Tónverk hljóðrituð eða flutt á tónleikum	29
12. Fjöldi tónleikagesta	34

1. Stjórnun og rekstur

Starfsárið 2021-2022 var 72. starfsár Sinfóníuhljóm- sveitar Íslands. Hljómsveitin stóð fyrir fjölmörgum og fjölbreyttum tónleikum og viðburðum þrátt fyrir að heimsfaraldur hafi haft mikil áhrif á starfsemina. Með frábærri samvinnu starfsfólks og rekstraraðila Hörpu og samstarfi við aðrar menningarstofnanir, ráðuneyti og heilbrigðisyfirvöld fundum við leiðir til þess að halda tónleika og viðburði við flóknar aðstæður. Notast var við hólfaskiptingu á sviði, baksviði og í sal, grímuskylða var viðhöfð og á tímabili þurfti starfsfólk og tónleikagestir sýna fram á neikvæða niðurstöðu úr Covid-prófi til þess að geta mætt til vinnu og á tón- leika. Hverfa þurfti frá áður auglýstri dagskrá í janúar og febrúar en frá mars féllu allar samkomutakmarkanir úr gildi. Aðrar áskoranir tóku þá við, en mikið var um veikindi meðal starfsfólks og gestalistafólk vegna heimsfaraldurs. Þeirra áhrifa gætti út starfsárið. Alls lék hljómsveitin á 76 tónleikum á starfsárinu sem 57.334 gestir sóttu, auk þess að standa fyrir 16 tónleikakynningum í samstarfi við Vinafélag Sinfóníunnar. Hljómsveitin flutti samtals 92 minni og stærri verk á starfsárinu. Samkvæmt lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands (SÍ) standa ríkissjóður og Reykjavíkurborg að rekstri hljómsveitarinnar. Ríkissjóður greiðir 82% af rekstrar- kostnaðinum en Borgarsjóður Reykjavíkurborgar 18%. Sértekjur hljómsveitarinnar koma fyrst og fremst frá miðasölu, tónleikaþóknunum og styrkjum.

Stjórn

Stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands var skipuð til fjögurra ára frá 1. ágúst 2019. Breyting varð á stjórnskipan í mars 2022 þegar að Sigurður Hannesson tók við formennsku. Fram að þeim tíma var stjórnin skipuð Sigurbirni Þorkelssyni, formanni, skipaður án tilnefningar, Herdísí Þórðardóttur,

varaformanni, skipuð án tilnefningar, Friðjóni R. Friðjónssoni, tilnefndum af fjármála- og efnahags- ráðuneytinu, Oddnýju Sturludóttur, tilnefndri af Reykjavíkurborg og Hávarði Tryggvasyni, fulltrúa SMFSÍ. Varamenn eru Axel B. Stefánsson, skipaður án tilnefningar, Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir, skipuð án tilnefningar, Þráinn Árni Baldvinsson, tilnefndur af Reykjavíkurborg, Ólöf Þorvarðsdóttir, tilnefnd af SMFSÍ og Guðrún Inga Torfadóttir, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Á starfsárinu hélt stjórn hljómsveitarinnar 12 stjórnarfundir og voru nokkrir þeirra fjarfundir.

Rekstur

Rekstur hljómsveitarinnar var krefjandi á starfsárinu. Samkomutakmarkanir höfðu sem starfsárin á undan mikil áhrif á sértekjur hljómsveitarinnar sem voru lægri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Hljómsveitin sóttist ekki eftir viðbótarframlagi rekstrarárið 2021, en nýtti hreina eign til þess að koma til móts við taprekstur. Hrein eign myndaðist að hluta til vegna lægra taps ársins 2020 en gert var ráð fyrir og því hluti viðbótarframlags ríkis árið 2020 nýttur árið 2021. Stjórnendur reyndu eins og mögulegt var að draga úr útgjöldum á starfsárinu og var fjárhags- áætlanagerð eflid og áætlanir í sífelldri endurskoðun. Stefna hljómsveitarinnar er að styrkja stöðu sína á alþjóðlegum vettvangi með því að fara í tónleikaferðir út fyrir landsteinana, efla samtal sitt við íslensku þjóðina með tónleikaferðum innanlands og vera reglulega með streymi og útsendingar frá tónleikum í samstarfi við RÚV. Starfsárið 2021-2022 bauð því miður ekki upp á tónleikaferðir hér heima né erlendis en áframhaldandi útsendingar frá tónleikum í útvarpi, sjónvarpi og streymi efldu samtalið við landsmenn jafnt sem umheiminn.

Aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi

Aðalstjórnandi 2021-2022 var Eva Ollikainen. Eva stjórnaði átta tónleikum með hljómsveitinni á starfsárinu og kom áfram að starfsemi hljómsveitarstjóraakadémíunnar. Hún stjórnaði einnig Ungsveit Sinfóníunnar. Ollikainen stjórnar hljómsveitinni að jafnaði í átta vikur á hverju starfsári auk þess sem hún mun stýra hljómsveitinni á fyrirhugaðri tónleikaferð til Bretlands starfsárið 2022-2023 og upptöku á verkum Önnu Þorvaldsdóttur í samstarfi við Sono Luminus.

Aðalgestastjórnandi

Aðalgestastjórnandi starfsársins var franskur hljómsveitarstjórinn Bertrand de Billy sem getið hefur sér einstaklega gott orð bæði sem óperustjórnandi og stjórnandi sinfónískrar tónlistar. Hann gegnir stöðunni til ársins 2023 og mun á tímabilinu einbeita sér að flutningi sinfónískra verka Brahms. Bertrand de Billy stjórnaði tvennum tónleikum á starfsárinu, þar á meðal Þýskri sálumessu Brahms.

Staðarhljómsveitarstjóri

Kornilios Michailidis tók við starfi staðarhljómsveitarstjóra haustið 2021, en hann stjórnaði hljómsveitinni áður í maí 2021. Michailidis stjórnaði hljómsveitinni á sex tónleikum auk þess sem að hann var til aðstoðar Evu og öðrum gestastjórnendum á starfsárinu. Hann kom einnig að aðstoð við hljómsveitarstjóraakadémíu hljómsveitarinnar.

Staðarlistamaður

Víkingur Heiðar Ólafsson var staðarlistamaður hljómsveitarinnar starfsárið 2021-2022. Hann flutti þrjá nýja píanókonserta á þrennum tónleikum með hljómsveitinni eftir tónskáldin Thomas Ades, John Adams og Daníel Bjarnason, en tónskáldin sjálf

stýrðu eigin verkum. Víkingur hélt einnig einleikstónleika í nóvember þar sem hann lék verk eftir Mozart, en tónleikarnir tilheyrðu Svörtu röðinni, sérstakri tónleikaferð staðarlistamannsins.

Staðartónskáld

Anna Þorvaldsdóttir er staðartónskáld hljómsveitarinnar en hún tók við stöðunni í byrjun árs 2018. Anna gegnir margþættu hlutverki í starfi hljómsveitarinnar en auk þess að semja ný verk til flutnings fyrir SÍ, situr hún í verkefnavalsnefnd og tekur þátt í stefnumótun er varðar verkefni sem ætlað er að veita tónskáldum tækifæri til þess að vinna með hljómsveitinni. Einn af hápunktum starfsársins 2021-2022 var flutningur á verkinu AION, hljómsveitar- og dansverki sem Anna samdi í samstarfi við Ernu Ómarsdóttur og flutt var í samstarfi við Íslenska dansflokkinn.

Aðalheiðursstjórnandi

Vladimir Ashkenazy er aðalheiðursstjórnandi hljómsveitarinnar og spannar samstarf hans við hljómsveitina meira en hálföld. Ashkenazy hefur stjórnað hljómsveitinni í öllum helstu meistaraverkum tónbókmenntanna og í nóvember 2018 fór hljómsveitin í tónleikaferð til Japans undir hans stjórn. Í janúar 2020 tilkynnti Ashkenazy að hann hefði ákveðið að draga sig í hlé frá öllum tónleikahaldi.

Heiðursstjórnandi

Osmo Vänskä tók við stöðu heiðursstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 2014 og hefur stjórnað hljómsveitinni reglulega síðan. Næstu tónleikar Osmo eru fyrirhugaðir starfsárið 2022-2023. Osmo var aðalstjórnandi hljómsveitarinnar á árunum 1993-1996 og náði afar góðum árangri með

hljómsveitinni. Hann stjórnaði meðal annars fyrstu tónleikum hljómsveitarinnar í Carnegie Hall sem fengu afbragðs dóma í The New York Times.

Listamaður í samstarfi

Daníel Bjarnason hefur átt langt og farsælt samstarf við Sinfóníuhljómsveitina, jafnt sem tónskáld og hljómsveitarstjóri. Hann var staðarlistamaður á árinum 2015-2018 og aðalgeststjórnandi á árunum 2019-2021. Á starfsárinu var Daníel „listamaður í samstarfi“ og voru verkefni hans með hljómsveitinni meðal annars hljóðritun á nýrri plötu fyrir Sono

Luminus, flutningur á nýjum píanókonsertri sem Daníel samdi fyrir Víking Heiðar Ólafsson, en Daníel stjórnaði einnig tónleikum að ógleymdri Klassíkinni okkar sem Daníel hefur stjórnað frá upphafi. Daníel stjórnaði fernum tónleikum á starfsárinu og stjórnaði hljóðritun á verkum Jóhanns Jóhannssonar fyrir þýska útgáfurisan Deutsche Grammophon. Hann stórnaði einnig upptökum fyrir nýja útgáfu hjá Sono Luminus. Hann stórnaði einnig í upptökum á eingin verki, From Space I Saw Earth, í ásamt Evu Ollikainen og Kornilios Michalidis.



2. Starfsemi

Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt alls 76 tónleika á starfsárinu auk þess að standa fyrir öðrum tengdum viðburðum s.s tónleikakynningum fyrir alla áskriftartónleika. Þá sendi hljómsveitin út sex tónleika í beinni sjónvarpsútsendingu og myndstreymi auk Jóla-tónleika sem sendir voru á aðfangadag. Rás 1 sendi að vanda út beit frá áskriftartónleikum og tók upp nær alla tónleika starfsársins. Tónleikahald starfsársins var nokkuð hefðbundið þrátt fyrir að heimsfaraldur væri í algleymingi og unnið var í samræmi við gildandi sóttvarnareglur og samkomutakmarkanir hverju sinni. 5 tónleikum á starfsárinu var aflýst og má þar nefna árlega tónleika SÍ á Menningarnótt í Reykjavík, en hátíðinni var aflýst í ágúst 2021. Vínartónleikum var frestað vegna samkomutakmarkana, fóru þeir fram í lok febrúar og tónleikarnir Ungir einleikarar frestuðust fram á vor. Tónleikauppfærsla af Wagner-óperunni Valkyrjunni var aflýst í annað sinn en það var samstarfsverkefni SÍ, Íslensku óperunnar og Listahátíðar í Reykjavík. Ekki var farið í tónleikaferðir á starfsárinu, hvorki innanlands né utan.

Áskriftaraðir

Þrátt fyrir nokkra annmarka í viðburðahaldi sökum heimsfaraldurs voru áskriftaraðir SÍ með hefðbundnu móti, fyrir utan fyrstu fjórar vikur ársins 2022 þegar tónleikahald féll alveg niður sökum samkomutakmarkanna.

Margir listamenn á heimsmælikvarða komu fram á á áskriftartónleikum starfsársins og var mikill fengur að fá hin heimsþekktu tónskáld Thomas Adés og John Adams til að stýra hljómsveitinni þar sem staðarlistamaður starfsársins, Víkingur Heiðar Ólafsson, lék píanókonsertera eftir þá sjálfa. Eva Ollikainen aðalhljómsveitarstjóri stjórnaði fjölmörgum tónleikum og aðalgestastjórnandi, Bertrand de Billy,

stýrði hljómsveitinni tvisvar á starfsárinu. Auk þess sóttu Ryan Bancroft og Peter Oundjan hljómsveitina heim. Í fjölbreyttum hópi einleikara voru t.d. sellóleikarinn Kian Soltani, saxófónleikarinn Jess Gillam, hornleikarinn Stefan Dohr og básúnuleikarinn Jörgen van Rijen.

Tónleikar utan áskriftar

Á starfsárinu voru margir stórir viðburðir sem höfðu upprunalega átt að vera á dagskrá á tveimur fyrri starfsárum en sökum heimsfaraldurs þurfti að færa þá yfir á þetta starfsár. Dæmi um slíka viðburði voru þrennir tónleikar í upphafi starfsárs með helstu popp- og rapptónlistarmönnum landsins. Tónleikarnir báru heitið *Nýklassík* og hlutu þeir tilnefningu sem tónlistarviðburður ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum. Björk Guðmundsdóttir efndi til samstarfs við SÍ á þrennum tónleikum þar sem strengjahópar og málmblasturshópur úr hljómsveitinni komu fram með Björk í fullri Eldborg, á RÚV og í beinu alþjóðlegu myndstreymi.

Dans- og tónverkið AION var flutt í október en þar runnu saman í eitt Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslenski dansflokkurinn á nýstárlegan hátt í verki Önnu Þorvaldsdóttur og Ernu Ómarsdóttur danshöfundar. Hlaut viðburðurinn Grímuverðlaun sem dans- og tónverk ársins.

Klassíkin okkar hélt áfram göngu sinni en í þetta sinn var efnt til samstarfs við Þjóðleikhúsið með glæsilegri leikhúsveislu í beinni útsendingu á RÚV. Tónlistar- maðurinn Högni Egilsson kom fram á Föstudagsröðinni þar sem hann frumflutti m.a. sína fyrstu sífóníu og uppselt var á þrenna bíótónleika þar sem kvikmyndin *Harry Potter og viskusteininn* var sýnd með lifandi undirleik. Tónleikahátíðin Myrkir músíkdagar frestaðist fram í mars og því voru tónleikar í Norðurljósum á föstudegi hluti hátíðarinnar í þetta

sinn. Þann 24. mars 2022 fóru fram í beinni útsendingu á RÚV samstöðutónleikar vegna stríðsins í Úkraínu. Barbara Hannigan stjórnaði og söng á ógleymanlegum tónleikum á Listahátíð í Reykjavík undir lok starfsársins. Haldnir voru tvennir tónleikar í Eldborg fyrir fullu húsi.

Á elleftu milljón safnaðist fyrir úkraínsku þjóðina í Hörpu í tengslum við samstöðutónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Fjármunirnir runnu til neyðarsöfnunar Þroskahjálpar fyrir fatlað fólk í Úkraínu. Til viðbótar við þessa fjárhæð lagði fólk einnig fé beint inn á söfnunarreikning Þroskahjálpar. Allar tekjur af miðasölu Samstöðutónleika Sinfóníunnar runnu í söfnunina, sem og allar tekjur af listaverkauppboði Listvals og ágóði af veitingasölu í Hörpu. Allir sem að stóðu að samstöðudagskrá í Hörpuhorni fyrir tónleika hljómsveitarinnar gáfu vinnu sína eða aðstöðu, þar á meðal Harpa, Íslenska óperan og allt tónlistarfólkið sem kom fram í Hörpuhorni. Myndlistarmenn gáfu einnig verk sín á listverkauppboð sem Listval stóð fyrir í tengslum við söfnunina. Upphæðin skiptist með þeim hætti að miðasölutekjur af Samstöðutónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands voru kr. 6.215.930, tekjur af uppboði Listvals voru kr. 4.200.000 og ágóði af veitingasölu var kr. 335.000. Tónleikarnir voru einnig sýndir beint á RÚV.

Græna röðin á RÚV

Meðal þess jákvæða sem heimsfaraldurinn leiddi af sér fyrir starfsemi SÍ var gjöfult samstarf við RÚV sem varð til þess að sérstök tónleikaröð var tileinkuð sjónvarpstónleikum sem fluttir voru í beinni útsendingu á RÚV og kölluðust Græna röðin. Tónleikarnir voru um klukkustundarlangir, án hlés og voru fjórum sinnum yfir starfsárið. Kynnir var Halla Oddný Magnúsdóttir og fram komu m.a. Eva Ollikainen, Daníel Bjarnason, Víkingur Heiðar Ólafsson, Stefán

Jón Bernharðsson, Ásta Dóra Finnsdóttir og Þórunn Ósk Marinósdóttir.

Hljóðritanir

Á upphafsvikum starfsársins fóru fram, í samstarfi við þýska útgáfufyrirtækið Deutsche Grammophon, upptökur á verkum Jóhanns Jóhannssonar undir stjórn Daníels Bjarnasonar. Þetta er fyrsta formlega samstarfsverkefni SÍ og Deutsche Grammophon. Samstarf við Sono Luminus hélt áfram og upptökur fóru fram í nóvember 2021 á nýju verki eftir Daníel Bjarnason, *From Space I Saw Earth*, en verkinu er stjórnað af þremur hljómsveitarstjórum. Seinna verkefnið voru upptökur á þremur verkum eftir íslensk tónskáld, ÓS eftir Báru Gísladóttur, *CATAMORPHOSIS* eftir Önnu Þorvaldsdóttur og *Clockworking* eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur auk verksins *Sinfonia (for orbiting spheres)* eftir Missy Mazzoli undir stjórn Daníels Bjarnasonar. Undir lok starfsársins fóru fram upptökur fyrir Chandos útgáfufyrirtækið þar sem Rumon Gamba stjórnaði verkum eftir Pál Ísólfsson og Jórinni Viðar.

Útgáfur

Í nóvember gaf útgáfufyrirtækið Polarfonía Classics út tvöfaldan hljómdisk með sjö verkum eftir Jón Nordal í flutningi Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Petri Sakari. Í janúar kom út þriðji diskurinn í samstarfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og bandarísku útgáfunnar Sono Luminus undir stjórn Daníels Bjarnasonar. Þar er að finna nýjan fiðlukonsert eftir Daníel Bjarnason með Pekka Kuusisto í einleikshlutverki, *Lendh* eftir Veronique Vöku, *Í sjöunda himni* eftir Hauk Tómasson og Flutter eftir Þuríði Jónsdóttur með Mario Caroli flautuleikara í einleikshlutverki. Á disknum má einnig finna *Adagio* eftir Magnús Blöndal.

3. Fræðslu- og barnastarf 2021-2022

Með sértækum úrræðum var hægt að halda fræðslustarfi virku á haustmánuðum, jafnt stórum sem smáum verkefnum. Jafnframt vannst tími til að hrinda í framkvæmd upplifunartónleikum fyrir einstök börn, undirbúa listráð ungmenna Ungsveitar SÍ og vinna að innleiðingu Barnasáttmála Sameinðu Þjóðanna með samstarfsskólum hljómsveitarinnar.

Skóla- og fjölskyldutónleikarnir, Undur jarðar, voru stærsta fræðsluverkefni starfsársins þar sem efnistökin voru græn framtíð. Ungsveitartónleikarnir tókust með miklum ágætum undir stjórn Evu Ollikainen og var það mat allra sem að komu að sjaldan hafði verið jafn mikil ákefð í spilamennskunni eftir árs hlé sökum Covid.


Á annað hundrað nemendur, bæði innlendir og erlendir, nýttu sér kynningu og aðra fræðslu hjá hljómsveitinni og var meistaranámskeið haldið á haustmánuðum þar sem ungstirnið Jess Gillham bauð ungum saxófónnemendum upp á leiðsögn.

Ungsveitarmeðlimir ásamt nemendum úr LHÍ og Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar léku á tónleikum SÍ í verki Daníels Bjarnasonar, From Space I Saw Earth, og tóku þátt í upptöku á verkinu.

Líkt og endranær var Fjölskylduhjálpi Íslands boðnir 450 miðar á Jólatónleika sveitarinnar og börnum og kennurum boðið á Jólalundir fyrir einstök börn þar sem í samtali við skólana voru skapaðar kjöraðstæður til upplifunar á einstakan máta, allt frá virkri þátttöku, ljósi og hljóði til hvíldar.

Jólalundir hljómsveitarinnar kom við á Hrafnistu og á Landspítalanum þar sem tónleikum sveitarinnar var myndstreymt inn á allar deildir. Upphaf árs 2022 var snúið í framkvæmd sökum faraldursins og þurfti að fresta mörgum fræðsluverkefnum annað hvort um ár eða fram á vorið. Í mars- og aprílmánuði hleypti LHÍ af stökkunum nýju samstarfsverkefni í tónlist fyrir heilabílaða og tóku tveir hljóðfæraleikarar SÍ þátt í verkefninu. Skólatónleikar hófust af krafti í mars og unglingatónleikar með Plánetunum og Stjörnu-Sævari voru haldnir í apríl. Starfsárinu lauk á tónleikum með Skilaboðaskjóðunni þar sem samstarfsskóli hljómsveitarinnar rýndi í skipulag og framkvæmd.

Hljómsveitin hélt alls 16 skólatónleika í Hörpu og lék fyrir alls 10.785 nemendur á þeim tónleikum. Dagskrá fyrir börn var á sínum stað og haldnir voru alls sex tónleikar í Litla tónsprotanum, fjölskyldutónleikaröð Sinfóníunnar og tvær Barnastundir voru haldnar í Flóa fyrir þau allra yngstu.



4. Markaðs- og kynningarmál

Heildarfjöldi tónleikagesta Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2021-2022 var 57.334* en var 13.869 starfsárið á undan sem einkenndist allt af heimsfaraldri. Heildarfjöldi seldra miða á tónleika Sí var 45.653 en var 9.469 starfsárið á undan. Þetta starfsár einkenndist einnig af faraldrinum þar sem felldir voru niður stórir viðburðir sem þurfti að endurgreiða og aðrir voru færðir til í tíma eða haldnir með fjöldatakmörkunum.

Kynningarstarf starfsársins fór seinna af stað en venjulega en kynningu þess var frestað fram í ágúst það sem óvissan var enn einhver vegna COVID. Gefinn var út veglegur ársbæklingur með kynningu á dagskrá starfsársins ásamt viðtölum við listamenn og öðru áhugaverðu efni sem tengist starfsemi Sí. Helsta áskorunin í markaðsstarfinu var að fá áskrifendur hljómsveitarinnar til að endurnýja áskriftir sínar eftir COVID en sala áskriftakorta hafði ekki farið fram starfsárið á undan. Hefðbundin áskriftarsala hófst í ágúst og fór ágætlega af stað og var þess gætt að okkar tryggja áskrifendur héldu sínum föstu sætum í Eldborg frá starfsárinu þar á undan sem þeir gátu nú endurnýjað.

COVID hafði áhrif á kauphegðun og ekki skiluðu áskrifendur sér að fullu til baka en þess ber þó að geta að enn var ákveðin óvissa í gangi. Lausamiðasala var einnig með öðru móti þar sem gestir keyptu nú miða með mun skemmri fyrirvara en áður og einnig var mikið um breytingar á miðum á milli tónleika.

Kynningarefnið var unnið í samvinnu við Kontor líkt og starfsárið á undan og Ari Magg tók ljósmyndir og stutt myndbönd af minni hópum úr hljómsveitinni. Hljómsveitin var einnig mjög virk á samfélagsmiðlum


þar sem hægt er að fylgjast með daglegu starfi sveitarinnar, á sviði sem og baksviðs. Helstu niðurstöður út Vörumerkjamegingu sem gerð var af Gallup í lok starfsársins voru: Fleiri þekkja vörumerkið Sinfóníuhljómsveit Íslands og hækka meðaltalið á skalanum 0-10 úr 6,6 í 6,8 sem er jákvætt en telst þó ekki marktæk breyting. Ímyndin (jákvæð(ur)/neikvæð(ur)) lækka lítið eða um 0,1, meðaltalið fer úr 7,6 í 7,5 sem er ekki marktæk breyting. Ímyndin mælist hærrí hjá þeim sem búa á höfuðborgar-svæðinu, eru með meiri menntun og hærrí tekjur. Sinfóníuhljómsveit Íslands er í flokki vörumerkja sem mælast með háa vitund og sterka ímynd.

*Eru þá taldir gestir á öllum tónleikum og fjölbreyttum viðburðum þar sem hljómsveitin lék -sjá töflu bls. 33.

Fréttabréf	11.239	9.879*
Facebook	17.393	18.349
Twitter	2.668	2.750
Instagram	4.430	5.368
Spotify	4.400	5.038
YouTube	43.100	53.392

*Virkir notendur eftir að óvirk netföng voru hreinsuð út úr lista.

Fjöldi tónleikagesta



Þróun í miðasölu

	'11/'12	'12/'13	'13/'14	'14/'15	'15/'16	'16/'17	'17/'18	'18/'19	'19/'20	'20/'21	'21/'22
Heildarsala	56.950	56.873	51.757	51.546	51.669	54.614	56.550	60.001	33.226	9.469	45.653
- Utan áskriftar	33.211	35.185	31.085	31.750	32.431	34.588	35.752	39.062	X	9.469	28.827
- Innan áskriftar	23.739	21.688	20.672	19.796	19.238	20.026	20.798	20.932	X	0	16.826
Hlutfall áskrifta	41,7%	38%	40%	38%	37%	37%	37%	35%			





5. Mannauðsmál

Á starfsárinu 2021-2022 voru 97 stöðugildi hjá stofnuninni og fékk hljómsveitin 85 lausráðna hljóðfæraleikara til liðs við sig á starfsárinu. Haldin voru þrjú hæfnispróf á starfsárinu og sex aukamannaprufuspil. Auk þess var eitt ráðningarferli til viðbótar í vinnslu þetta starfsár. Á skrifstofu voru tvö ráðningarferli. Reglulega voru haldnir starfsmannafundir með öllu starfsfólki, deildarfundir með hverri deild fyrir sig, leiðarafundir og samráðsfundir með

stjórn SMFSÍ. Stutt var við heilsu og velferð starfsmanna á ýmsan hátt. Árshátíðin var haldin með pompi og pragt 6. maí 2022 í félagsheimilinu Dreng í Hvalfirði.

Sinfóníuhljómsveit Íslands hlaut jafnlaunavottun í byrjun ágúst 2020. Viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfi fór fram í júní 2022.

Kyngreindar upplýsingar starfsárið 2021-22

Starfsfólks Sí

Fastráðnir hljóðfæraleikarar

Konur 49

Karlar 42

Skrifstofa og sviðsþjónusta

Konur 5

Karlar 5

Lausráðnir hljóðfæraleikarar

Konur 45

Karlar 39

Hljómsveitarstjórar

Konur: 7 (22 tónleikar + 1 hljóðritun)

Karlar: 15 (43 tónleikar + 4 hljóðritanir)

Íslenskir einleikarar og einsöngvarar

Konur: 36 (52 tónleikar)

Karlar: 22 (42 tónleikar + 1 hljóðritun)

Erlendir einleikarar og einsöngvarar

Konur: 5 (6 tónleikar)

Karlar: 8 (8 tónleikar)

Íslenskir sögumenn, kynnar o.fl.

Konur: 6 (25 tónleikar)

Karlar: 5 (9 tónleikar)

Verk flutt á tónleikum

Íslensk verk

Eftir kventónskáld: 45 verk (13 tónskáld)

Eftir karltónskáld: 44 verk (29 tónskáld)

Erlend verk

Eftir kventónskáld: 7 verk (6 tónskáld)

Eftir karltónskáld: 125 verk (68 tónskáld)

Útsetningar á tónverkum

Eftir kvenútsetjara: 3 verk (3 útsetjarar)

Eftir karlútsetjara: 81 verk (12 útsetjarar)

Gestir á tónleikum (sbr. Gallup könnun)

Konur: 50%

Karlar: 50%

Fastráðnir hljóðfæraleikarar starfsárið 2021/2022

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Laufey Jensdóttir
Laufey Sigurðardóttir 50%
Laura Liu
Margrét Kristjánsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Pálína Árnadóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir hluta starfsárs
Wei Lín Sigurgeirsson ** hluta starfsárs
Justyna Bidler *hluta starfsárs
Pétur Björnsson *hluta starfsárs

2. fiðla

Páll Palomares
Dóra Björgvinsdóttir
Greta Guðnadóttir 50%
Gróa Margrét Valdimarsdóttir*
Gunnhildur Daðadóttir
Hlín Erlendsdóttir*
Ingrid Karlsdóttir
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Roland Hartwell
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross

Vióla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Łucja Koczot
Sarah Buckley
Svava Bernharðsdóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Guðný Jónasdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson** hluta starfsárs
Margrét Árnadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Helga Björg Ágústsdóttir * hluta starfsárs
Júlía Mogensen *hluta starfsárs
Þórdís Gerður Jónsdóttir * hluta starfsárs

Bassi

Xun Yang
Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson hluta starfsárs
Gunnlaugur Torfi Stefánsson*
Jacek Karwan
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínett

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Brjánn Ingason
Bryndís Þórsdóttir

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjørn Bruun
Emil Steindór Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Frank Lars Hammarin ** hluta starfsárs
Abel Pérez Armas * hluta starfsárs
Simen Julius Fegran * hluta starfsárs

Trompet

Einar Steinþór Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

Túba

Nimrod Ron

Harpa

Katie Buckley

Píanó

Anna Guðný Guðmundsdóttir **hluta starfsárs
Helga Bryndís Magnúsdóttir *

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

*Ráðnir tímabundið

** í leyfi

Starfsfólk við stjórnun og þjónustu 2021/2022

Framkvæmdastjóri

Lára Sóley Jóhannsdóttir

Listrænn ráðgjafi

Árni Heimir Ingólfsson hluta starfsárs
Halla Oddný Magnúsdóttir hluta starfsárs

Viðburða- og skipulagsstjóri

Valdís Þorkelsdóttir

Verkefnastjóri viðburða

Jökull Torfason

Fræðslustjóri

Hjördis Ástráðsdóttir

Markaðs- og kynningarstjóri

Margrét Ragnarsdóttir

Markaðs- og kynningarfulltrúi

Inga María Leifsdóttir

Mannauðsstjóri

Una Eypórsdóttir hluta starfsárs
Sverrir Hjálmarsson hluta starfsárs
Dagrún Hálfánardóttir hluta starfsárs

Fjármálastjóri

Svanhvít Hrólfsdóttir

Skjala- og skrifstofufulltrúi

Kristín Björg Björnsdóttir

Nótnavörður

Kristbjörg Clausen

Umsjónarmaður nótna

Larissa Weidler hluta starfsárs
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað hluta starfsárs

Verkefnastjóri sviðs- og tæknimála

Sigbór J. Guðmundsson

Sviðs- og tæknimaður

Björk Björgólfsdóttir

Staðartónskáld

Anna Þorvaldsdóttir

Staðarhljómsveitastjóri

Kornilios Viktor Michailidis

Lausráðnir starfsmenn 2021/2022

Anna Elísabet Sigurðardóttir	Helgi Þorleiksson	Snorri Heimisson
Anna Sigurbjörnsdóttir	Herdís Mjöll Guðmundsdóttir	Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir
Auður Edda Erlendsdóttir	Hjörtur Páll Eggertsson	Sólveig Magnúsdóttir
Ármann Helgason	Hrafnhildur Atladóttir	Sólveig Vaka Eyþórsdóttir
Árni Áskelsson	Hrafnhildur M Guðmundsdóttir	Steinunn Vala Pálsdóttir
Árni Heiðar Karlsson	Hrefna Berg Pétursdóttir	Úlfar Ingi Haraldsson
Árni Heimir Ingólfsson	Ingibjörg Guðlaugsdóttir	Úlfhildur Þorsteinsdóttir
Ásdís Hildur Runólfsson	Ísak Ríkharðsson	Vigdís Másdóttir
Ásgeir Hermann Steingrímsson	Jesper Pedersen	Vilhjálmur Ingi Sigurðarson
Áskell Másson	Jóhann Ingvi Stefánsson	Þorkell Jóelsson
Ásta Kristín Pjetursdóttir	Jóhann Már Nardeau	Össur Ingi Jónsson
Baldvin Ingvar Tryggvason	Jóhann Óskar Hjörleifsson	Øyvind Lapin Larsen
Bergur Einar Dagbjartsson	Jón Halldór Finnsson	
Björg Brjánsdóttir	Jónína Auður Hilmarsdóttir	
Breki Sigurðarson	Justyna Anna Bidler	
Carlos Alberto Caro Aguilera	Júlía Mogensen	
Dagbjört Ingólfsson	Kjartan Guðnason	
Einar Jónsson	Kristín Björg Ragnarsdóttir	
Einar Valur Scheving	Kristín Mjöll Jakobsdóttir	
Elísabet Waage	Kristín Ýr Jónsdóttir	
Emil Þorri Emilsson	Margrét Theódóra Hjaltested	
Emilía Rán Benediktsdóttir	Mark Markús Reedman	
Emilía Rós Sigfúsdóttir	Matthías Dominik Engler	
Eydís Lára Franzdóttir	Matthías Stefánsson	
Fidel Atli Quintero Gasparsson	Móeiður Anna Sigurðardóttir	
Finn Alexander Schofield	Ólafur Hólm Einarsson	
Finnbogi Óskarsson	Ólöf Sigursveinsdóttir	
Frank Lars Hammarin	Páll Hannesson	
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir	Peter Andreas Nielsen	
Guðbjartur Hákonarson	Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir	
Guðrún Erlendsdóttir	Rakel Björt Helgadóttir	
Guðrún Óskarsdóttir	Rannveig Marta Sarc	
Hafdís Vigfúsdóttir	Rósa Hrund Guðmundsdóttir	
Hafrún Birna Björnsdóttir	Sara Karín Kristinsdóttir	
Hekla Finnsdóttir	Sigrún Harðardóttir	
Helga Björg Arnardóttir	Sigurður Hjörtur Flosason	

6. Listamenn sem komu fram með hljómsveitinni 2021-2022

Hljómsveitarstjórar

Anja Bihlmaier (1 tónleikar)
Anna-Maria Helsing (1 tónleikar)
Barbara Hannigan (2 tónleikar)
Bernharður Wilkinson (5 tónleikar)
Bertrand de Billy (2 tónleikar)
Björg Brjánsdóttir (1 tónleikar)
Daníel Bjarnason (8 tónleikar + 3 hljóðritanir)
Dirk Vermeulen (1 tónleikar)
Emilia Hoving (4 tónleikar)
Eva Ollikainen (12 tónleikar + 1 hljóðritun)
John Adams (1 tónleikar)
Juanjo Mena (1 tónleikar)
Kornilios Michailidis (13 tónleikar + 1 hljóðritun)
Mirian Khukhunaishvili (3 tónleikar)
Nathanaël Iselin (1 tónleikar)
Noam Aviel (1 tónleikar)
Peter Oundijan (2 tónleikar)
Rumon Gamba (1 tónleikar + 1 hljóðritun)
Ryan Bancroft (1 tónleikar)
Thomas Adès (1 tónleikar)
Timothy Henty (1 tónleikar)
Viktor Orri Árnason (2 tónleikar)

Íslenskir einleikarar og einsöngvarar

Arngunnur Árnadóttir, klarínnett (1 tónleikar)
Ásta Dóra Finnsdóttir, píanó (1 tónleikar)
Benedikt Kristjánsson, söngur (2 tónleikar)
Birkir Örn Hafsteinsson, klarínnett (1 tónleikar)
Björk Guðmundsdóttir, einsöngvari (3 tónleikar)
Bríet Ísis Elfar (Bríet), söngur (3 tónleikar)
Bryndís Guðjónsdóttir, söngur (4 tónleikar)
Elmar Gilbertsson, söngur (3 tónleikar)
Emiliana Torrini, söngur (1 tónleikar)
Eypór Ingi Gunnlaugsson, söngur (2 tónleikar)

Friðrik Róbertsson (Flóni), söngur (2 tónleikar)
Gissur Páll Gissurarson, söngur (4 tónleikar)
Guðjón Davíð Karlsson, söngur (1 tónleikar)
Guðrún Ýr Eyfjörð Jóhannesdóttir (GDRN), söngur (2 tónleikar)
Hallgrímur Ólafsson, söngur (1 tónleikar)
Hallveig Rúnarsdóttir, söngur (2 tónleikar)
Hanna Ágústa Olgeirsdóttir, söngur (1 tónleikar)
Herdís Anna Jónasdóttir, söngur (4 tónleikar)
Hildigunnur Einarsdóttir, söngur (1 tónleikar)
Hildur Vala Baldursdóttir, söngur (1 tónleikar)
Högni Egilsson, söngur (2 tónleikar)
Ingibjörg Ragnheiður Linnet, trompet (1 tónleikar)
Jóhann Kristinsson, söngur (3 tónleikar)
Jóhann Kristófer Stefánsson (Joey Christ), söngur (2 tónleikar)
Jóhann Sigurðarson, söngur (1 tónleikar)
Jóhanna Vigdís Arnardóttir, söngur (2 tónleikar)
Jóhannes Damian Patreksson (JóiPé), söngur (1 tónleikar)
Jóna G. Kolbrúnardóttir, söngur (1 tónleikar)
Katie Buckley, harpa (1 tónleikar)
Katrín Halldóra Sigurðardóttir, söngur (1 tónleikar)
Kolbrún Völkudóttir, söngur á táknmáli (4 tónleikar)
Kristinn Óli Haraldsson (Króli), söngur (2 tónleikar)
Kristjana Stefánsdóttir, söngur (1 tónleikar)
Logi Pedro Stefánsson, söngur (2 tónleikar)
Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir (Lay Low), söngur (1 tónleikar)
Markéta Irglová, söngur (1 tónleikar)
Ólafía Hrönn Jónsdóttir, söngur (1 tónleikar)
Ragna Kjartansdóttir (Cell7), söngur (2 tónleikar)
Reykjavíkurdætur, söngur (2 tónleikar)
Salka Sól Eyfeld, söngur (1 tónleikar)
Sigríður Ósk Kristjánsdóttir, söngur (2 tónleikar)
Sigríður Thorlacius, söngur (2 tónleikar)

Sigurgeir Agnarsson, selló (1 tónleikar)
Skúli Sverrisson, rafbassi (1 hljóðritun)
Stefán Jón Bernharðsson, horn (1 tónleikar)
Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir, söngur (1 tónleikar)
Unnsteinn Manuel Stefánsson, söngur (2 tónleikar)
Valdimar Guðmundsson, söngur (4 tónleikar)
Valgerður Guðnadóttir, söngur (1 tónleikar)
Vigdís Hrefna Pálsdóttir, söngur (1 tónleikar)
Víkingur Heiðar Ólafsson, píanó (3 tónleikar)
Þór Breiðfjörð, söngur (2 tónleikar)
Þórunn Ósk Marinósdóttir, víóla (1 tónleikar)

Erlendir einleikarar og einsöngvarar

Barbara Hannigan, sópran (2 tónleikar)
Behzod Abduraimov, píanó (1 tónleikar)
Camilla Nylund, sópran (1 tónleikar)
Emily Pogorelc, söngur (1 tónleikar)
Geir Draugsvoll, bajaran (1 tónleikar)
Jess Gillam, saxófónn (1 tónleikar)
Jonathan Swensen, selló (2 tónleikar)
Jörgen van Rijen, básúna (1 tónleikar)
Kian Soltani, selló (1 tónleikar)
Marianna Shirinyan, píanó (1 tónleikar)
Simos Papanas, fiðla (1 tónleikar)
Stefan Dohr, horn (1 tónleikar)
Valeriy Sokolov, fiðla (1 tónleikar)

Kórar og hljóðfærahópar

Aurora, stúlknakór
Gradualekór Langholtskirkju
Litlu sprotarnir, táknmálakór
Mótettukórinn
Stúlknakór Reykjavíkur
Söngsveitin Fílharmónía

Sögumenn, kynnar, túlkar o.fl.

Bragi Valdimar Skúlason, sögumaður (1 tónleikar)
Eyrún Helga Aradóttir, táknmálstúlkur (4 tónleikar)
Guðni Tómasson, kynnir (1 tónleikar)
Halla Oddný Magnúsdóttir, kynnir (6 tónleikar)
Halldóra Geirharðsdóttir, sögumaður (4 tónleikar)
Hjördís Ástráðsdóttir, kynnir (3 tónleikar)
Sigurður Þór Óskarsson, kynnir (1 tónleikar)
Steinunn Arinbjarnardóttir, kynnir og söngkona (2 tónleikar)
Sævar Helgi Bragason, kynnir (4 tónleikar)
Vala Kristín Eiríksdóttir, kynnir (6 tónleikar)
Þórunn Arna Kristjánsdóttir, kynnir og söngkona (2 tónleikar)

Tónlistarhópar

Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
Flautuhópur úr Skólahljómsveit Kópavogs,
Tónlistarskólanum á Akureyri og Tónlistarskóla
Eyjafjarðar
Gítarhópur Tónlistarskóla Hafnarfjarðar
Skólahljómsveit Austurbæjar

Dans

Dansarar úr Listdansskóla Íslands
Íslenski dansflokkurinn
Vínardansar: Þorkell Jónsson, Denise Margrét
Yaghi, Gylfi Már Hrafnsson og María Tinna
Hauksdóttir

7. Tónleikar starfsárið 2021-2022

Ný klassík og Sinfó

19. ágúst 2021 kl. 20:00

20. ágúst 2021 kl. 20:00

21. ágúst 2021 kl. 20:00

- Björk Guðmundsdóttir: Overture
- GDRN: Án mín (úts. Viktor Orri Árnason)
- Bríet: Ghosts (úts. Viktor Orri Árnason)
- JóiPé og Króli: Í átt að tunglinu (úts. Viktor Orri Árnason)
- Logi Pedro: Dúfan mín (úts. Viktor Orri Árnason)
- Cell7: City Lights (úts. Viktor Orri Árnason)
- Reykjavíkurdætur: Ógeðsleg (úts. Viktor Orri Árnason)
- Reykjavíkurdætur: Lófatak (úts. Viktor Orri Árnason)
- Joey Christ: Áfall (úts. Viktor Orri Árnason)
- Joey Christ og Flóni: 100P (úts. Viktor Orri Árnason)
- Flóni: Leika (úts. Viktor Orri Árnason)
- Bríet: Carousel (úts. Viktor Orri Árnason)
- GDRN: Trúðu mér (úts. Viktor Orri Árnason)
- Trausti Haraldsson, Jón Andri Sigurðarson og Páll Óskar Hjálmtýsson: Er þetta ást? (úts. Viktor Orri Árnason)
- JóiPé og Króli: Geimvera (úts. Viktor Orri Árnason)
- GDRN og Flóni: Lætur mig (úts. Viktor Orri Árnason)
- Bríet: Rólegur kúreki (úts. Viktor Orri Árnason)
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri
Bríet Ísis Elfar (Bríet), Friðrik Róbertsson (Flóni),
Guðrún Ýr Eyfjörð Jóhannesdóttir (GDRN), Jóhann Kristófer Stefánsson (Joey Christ), Jóhannes Damian Patreksson (JóiPé), Kristinn Óli Haraldsson (Króli), Logi Pedro Stefánsson, Ragna Kjartansdóttir (Cell7), Reykjavíkurdætur, Unnstein Manuel Stefánsson, söngur

Klassíkin okkar: Leikhúsveisla - sjónvarpstónleikar

03. september 2021 kl. 20:00

- Hrafnkell Orri Egilsson: Leikhúsforleikur
- Atli Heimir Sveinsson: „Afmælisdiktur“ úr Ofvitanum (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Páll Ísólfsson: „Maríuvers“ úr Gullna hliðinu (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Edvard Grieg: „Morgunstemning“ úr Pétri Gaut
- Hjálmar H. Ragnarsson: „Söngur Sólveigar“ úr Pétri Gaut
- Jón Múli Árnason: „Undir Stórasteini“ úr Járnhausnum (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Kjartan Ólafsson: „Kæru systur“ úr Saumastofunni (úts. Haraldur Vignir Sveinbjörnsson)
- Jón Ásgeirsson: „Hjá lygnri móðu“ úr Húsi skáldsins (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Jón Nordal: „Hvert örstutt spor“ úr Silfurtunglinu (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Jón Ásgeirsson: „Maístjarnan“ úr Húsi skáldsins (úts. Haraldur Vignir Sveinbjörnsson)
- Richard Rodgers: „Dögginn á rósum“ úr Söngvaseiði
- Jerry Bock: „Ef ég væri ríkur“ úr Fiðlaranum á þakinu
- Leonard Bernstein: „Mambo“ úr West Side Story
- Mario Panzeri: „Heyr mína bæn“ úr Elly (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Otto Lindblad: „Þrek og tár“ úr samnefndum söngleik (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Jóhann Jóhannsson: „Odi et amo“ úr Englabörnum (úts. Daníel Bjarnason)
- Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir: „Saman“ úr Ökutímum (úts. Haraldur Vignir Sveinbjörnsson)
- Kristján Kristjánsson: „Vegbúinn“ úr Þrúgum reiðinnar (úts. Haraldur Vignir Sveinbjörnsson)
- Egill Ólafsson: „Gegnum holt og hæðir“ úr Gretti (úts. Haraldur Vignir Sveinbjörnsson)
- Emilíana Torrini: „Vertu úlfur“ úr samnefndu leikriti (úts. Haraldur Vignir Sveinbjörnsson)

- Claude-Michel Schönberg: „One day more“ úr Vesalingunum (úts. John Cameron)
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri
Jóna G. Kolbrúnardóttir, Elmar Gilbertsson, Jóhann Sigurðarson, Emilíana Torrini, Markéta Irglová, Katrín Halldóra Sigurðardóttir, Kristjana Stefánsdóttir, Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir (Lay Low), Salka Sól Eyfeld, Valgerður Guðnadóttir, Þór Breiðfjörð, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir, Hildur Vala Baldursdóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Hallgrímur Ólafsson og Guðjón Davíð Karlsson, söngur
Söngsveitin Fílharmónía
Meðlimir úr Aurora og Stúlknakór Reykjavíkur
Halla Oddný Magnúsdóttir og Guðni Tómasson, kynnir

Bertrand de Billy stjórnar Brahms - upphafstónleikar

09. september 2021 kl. 19:30

- Johannes Brahms: Akademískur hátíðarforleikur
- Henri Tomasi: Básúnukonsert
- Johannes Brahms: Sinfónía nr. 1
Bertrand de Billy, hljómsveitarstjóri
Jörgen van Rijen, einleikari

Barnastund Sinfóníunnar

11. september 2021 kl. 11:30

- George Bizet: Carmen, forleikur (úts. Sigurður Ingvi Snorrason)
- Jón Ásgeirsson: Krummi krunkar úti (úts. Sigurður Ingvi Snorrason)
- Georg Riedel: Kattholtsmarsinn (úts. Jóhann G. Jóhannsson)
- Georg Riedel: Smíðaskemman (úts. Jóhann G. Jóhannsson)
- Páll Ísólffson: Snati og Óli (úts. Haraldur Vignir Sveinbjörnsson)
- Thorbjörn Egner: Forleikur úr „Dýrunum í Hálsaskógi“ (úts. Jóhann G. Jóhannsson)

- Christian Hartmann: Dvel ég í draumahöll (úts. Jóhann G. Jóhannsson)
- Nacio Herb Brown: Í rigningu ég syng (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Johann Strauss yngri: Unter Donner und Blitz (úts. Martin Frewer)
Sigurður Þór Óskarsson, kynnir og söngvari

Niunda sinfónía Beethovens

16. september 2021 kl. 19:30

17. september 2021 kl. 19:30

- Sofia Gubaidulina: Fachwerk (frumflutningur á Íslandi)
- Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 9
Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri
Geir Draugsvoll, einleikari
Hallveig Rúnarsdóttir, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir, Elmar Gilbertsson og Jóhann Kristinsson, söngur
Mótettukórinn
Söngsveitin Fílharmónía

Undur jarðar með Stjörnu-Sævari

22. september 2021 kl. 11:00 (skólatónleikar)

23. september 2021 kl. 9:30 (skólatónleikar)

23. september 2021 kl. 11:00 (skólatónleikar)

24. september 2021 kl. 9:30 (skólatónleikar)

24. september 2021 kl. 11:00 (skólatónleikar)

25. september 2021 kl. 14:00

- Richard Strauss: Also sprach Zarathustra
- John Williams: Jurassic Park, aðalstef
- Jón Leifs: Hekla, hluti
- Terry Gilkyson: The bare necessities (úts. Þórir Baldursson)
- Bedrich Smetana: Moldá, aðalstef
- Benjamin Britten: The Storm, út Four Sea Interludes
- Nacio Herb Brown: Í rigningu ég syng (úts. Þórir Baldursson)
- Lorne Balfe: Penguins of Madagascar (úts. Þórir Baldursson)

- Nikolai Rimsky-Korsakov: Býflugan
- Wolfgang Amadeus Mozart: Klarínnettconsert, 2. kafli
- John Williams: Star Wars, aðalstef
Noam Aviel, hljómsveitarstjóri
Arngunnur Árnadóttir, einleikari
Sævar Helgi Bragason, kynnir

Ungsveit Sinfóniunnar (án SÍ)

26. september 2021 kl. 17:00

- Jean Sibelius: Sinfónía nr. 2
- Jón Leifs: Dýravísur (aukalag)
Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri

Sellókonsert Dvoráks

30. september 2021 kl. 19:30

- Halldór Smáráson: infinite image (heimsfrumflutningur)
- Antonín Dvorák: Sellókonsert
- Joan Tower: Konsert fyrir hljómsveit (frumflutningur á Íslandi)
Peter Oundijan, hljómsveitarstjóri
Jonathan Swensen, einleikari

Framhaldsskólatónleikar: Dvorák

1. október 2021 kl. 11:00

- Antonín Dvorák: Sellókonsert
